

**33. fundur byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, mánudaginn 11. október 2010 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Heiðar Jóhannsson, Aðalsteinn Magnússon, Sigurvin Hreiðarsson, Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Ásgeir Jónsson (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Heiðar Jóhannsson , bygg.fl

Dagskrá:

1. 1010044 - Kjör formanns

Oddviti bauð nefndarmenn velkomna til starfa og stýrði kjöri formanns. Formaður kjörinn Sigurvin Hreiðarsson. Oddviti vék af fundi.

2. 1010042 - Fjarðalax ehf umsókn um byggingaleyfi fyrir uppsetningu á fódurstöð í landi Litla-Laugardals

Umsókn frá Fjarðalax. Óskað er eftir að setja upp fódurstöð í landi Litla Laugardals neðan og utan við Pollinn. Um er að ræða 4 síló og einn 20 feta gámur. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullgildar teikningar.

3. 1010041 - Tungusilungur umsókn um leyfi fyrir staðsetningu á fódursílóum.

Umsókn frá Tungusilung. Óskað er eftir að setja upp fódurstöð við fiskeldisstöðina við Hvítalæk. Um er að ræða 2 síló og einn 20 feta gámur. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullgildar teikningar og leyfi landeigenda.

4. 1010043 - Landeigandi Sveinseyrar beiðni um að borholur í landi Sveinseyrar verði gerðar að vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps

Erindi frá Guðríði Birnu Jónsdóttir. Sótt er um að gera Sveinseyrarhlíðina að vatnsverndarsvæði frá Steinhúsi að landamærum Litla Laugardals, ásamt borholum á Sveinseyrartúni og í hlíðinni fyrir ofan Sveinseyrabæinn. Aðalsteinn Magnússon lýsti sig vanhæfan og vék af fundi og kom Ásgeir Jónsson á fundinn í hans stað.

Þar sem um er að ræða mál sem snertir aðra starfsemi sem nú þegar er í gangi á svæðinu og það að erindið barst nefndinni seint, ákveður nefndin að fresta erindinu til næsta fundar meðan leitað verði frekari upplýsingar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.35
